



Lúxemborg, 20. júlí 2017

FRÉTTATILKYNNING 08/2017

Dómur í máli E-11/16 *Mobil Betriebskrankenkasse* gegn *Tryg Forsikring*

UMFANG RÉTTINDA STOFNANA SEM BERA ÁBYRGÐ Á BÓTUM TIL AÐ GANGA INN Í KRÖFU GAGNVART BÓTASKYLDUM ÞRIÐJA MANNI

Með dómi sem var kveðinn upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá Héraðsdómi Oslóar (*Oslo tingrett*) í máli varðandi túlkun á 1. mgr. 93. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja („reglugerðin“).

Á árinu 2011 slasaðist þýskur ríkisborgari í bílslysi er hann var í fríi í Noregi. Honum var veitt bráðameðferð á norskum spítala, en var svo fluttur á þýskan spítala til frekari meðferðar. Kostnaðurinn vegna meðferðarinnar féll undir þýska sjúkratryggingu sem *Mobil Betriebskrankenkasse* („Mobil“) veitti. *Mobil* endurkrafði *Tryg Forsikring* („Tryg“), sem tryggt hafði ökutæki þess sem var valdur að slysinu, um kostnaðinn. *Tryg* hafnaði kröfunum að hluta með vísan til þess að tjónþoli ætti engar kröfur á hendur *Tryg* sem *Mobil* gæti gengið inn í, þar sem öll nauðsynleg meðferð hans hefði getað verið veitt án kostnaðar af norsku heilbrigðisþjónustunni. *Mobil* höfðaði því mál fyrir héraðsdómi Oslóar sem ákvað að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um umfang skyldunnar til að viðurkenna afleidd eða bein kröfuréttindi stofnunar sem ber ábyrgð á bótum gagnvart bótaskyldum þriðja manni.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. mgr. 93. gr. reglugerðarinnar væri einungis ætlað að tryggja að réttindi, sem stofnunin sem ábyrg væri ætti samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfaði eftir, væru viðurkennd af öðrum EES-ríkjum. Tilgangur ákvæðisins væri ekki að breyta þeim reglum sem giltu varðandi umfang skaðabótaábyrgðar utan samninga af hálfu bótaskylds þriðja manns. Slík ábyrgð réðist af þeim efnisreglum sem almennt bæri að beita fyrir þeim dómstól sem tjónþoli, eða sá sem leiddi rétt sinn frá honum, höfðaði málið fyrir, þ.e.a.s. að meginstefnu löggjöf þess EES-ríkis þar sem tjónsátburðurinn varð.

Af þessu leiddi að löggjöf þess EES-ríkis, sem stofnunin sem bæri ábyrgð á bótum starfaði eftir, ákvarðaði hvort stofnunin hefði rétt til að ganga inn í kröfu tjónþola gagnvart bótaskyldum þriðja manni. Hins vegar, ákvarðaði löggjöf þess EES ríkis þar sem tjónsátburðurinn varð, ásamt reglum alþjóðlegs einkamálaréttar, umfang þeirra réttinda. Því gæti stofnunin sem bæri ábyrgð á bótum ekki öðlast ríkari rétt á hendur bótaskyldum þriðja manni en tjónþoli átti sjálfur.

Að því er varðaði þær kröfur sem deilt var um í málinu komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að sú staðreynd að tjónþoli hefði hlotið nauðsynlega meðferð samkvæmt þeim lögum sem giltu í EES-ríkinu þar sem tjónsátburður varð, án þess að af því hlytist kostnaður fyrir hann sjálfan, kæmi ekki í veg fyrir að stofnunin sem ábyrg væri fyrir bótum gæti krafist bóta úr hendi bótaskylds þriðja manns vegna kostnaðar sem stafaði af slíkri meðferð.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.